



# Myndin af mér: Um kynlíf, ábyrgð og ofbeldi á netinu

## LEIÐARVÍSIR

Elinóra ehf, 2018

# Myndin af mér

## Efnisyfirlit

I HLUTI: HUGMYNDAFRÆÐI OG BAKGRUNNUR.....	4
Hvað er <i>Myndin af mér</i> ?.....	4
Hvað er stafrænt kynferðisofbeldi?.....	4
Hvers vegna núna?.....	5
Hverjar eru afleiðingar stafræns kynferðisofbeldis?.....	5
Hvað er <i>sexting</i> og hvað kemur það málinu við?.....	6
Stafrænt kynferðisofbeldi og lagaumhverfið á netinu.....	8
Hver ber ábyrgð á stafrænu kynferðisofbeldi?.....	8
II HLUTI: SÝNING MYNDARINNAR AF MÉR.....	9
Hvað ef ungmenni segir mér frá stafrænni kynferðisofbeldis reynslu?.....	10
Þegar þolandinn er undir 15 ára aldri.....	11
Þegar þolandinn er 15 ára eða eldri.....	11
Þegar þolandinn er 18 ára eða eldri.....	12
Hvert er best að leita ef ég fæ ofbeldistengdar spurningar sem ég veit ekki svarið við?.....	12
Hvert er best að leita ef ég fæ kynlífstengdar spurningar sem ég veit ekki svarið við?.....	13
Hvaða skilgreiningar á ofbeldi er mælt með að ég að styðjist við?.....	14
Stafrænt kynferðisofbeldi:.....	14
Kynbundið ofbeldi.....	14
Kynferðisleg misnotkun á barni/kynferðisofbeldi gegn barni.....	14
Hvað verður svo um myndina?.....	14
Vertu hluti af lausninni: Tólf heilræði.....	15
III HLUTI: EFNI MYNDARINNAR.....	16
Yfirlit yfir Myndina af mér skipt niður eftir köflum.....	17
FYRSTI HLUTI.....	17
ANNAR HLUTI.....	18
ÞRIÐJI HLUTI.....	19
FJÓRÐI HLUTI.....	21
Viðauki.....	23
Um framleiðendurna.....	23
Parftu að ná í aðstandendur Myndarinnar af mér?.....	23



## I HLUTI: HUGMYNDAFRÆÐI OG BAKGRUNNUR

### Hvað er *Myndin af mér*?

*Myndin af mér* er tæplega hálf tíma löng stuttmynd sem framleidd var vorið 2017, eftir tæplega árs undirbúning. Þær Brynhildur Björnsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir<sup>1</sup> höfðu áður framleitt verðlaunuðu<sup>2</sup> stuttmyndirnar *Fáðu já!* og *Stattu með þér!* í samráði við samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta, sem bar nafnið Vitundarvakning. *Myndin af mér* er sjálfstætt framhald og var styrkt af Jafnréttissjóði, Reykjavíkurborg, Landsbankanum og Vodafone. Markmið myndarinnar er að vekja athygli á svokölluðu stafrænu kynferðisofbeldi, skýra mörkin milli kynlífs og ofbeldis ásamt því að leggja áherslu á samþykki og ábyrgð í öllum nánnum samskiptum, hvort sem þau gerast í netheimum eða raunheimum.

*Myndin af mér* skiptist í fjóra hluta sem frumsýndir verða dagana 16., 17., 18. og 19. janúar á Facebook síðu styrktaraðila verkefnisins, Vodafone, sem og á heimasíðunni myndinafmer.is.

### Hvað er stafrænt kynferðisofbeldi?

Til stafræns kynferðisofbeldis og áreitni telst til dæmis að sýna eða dreifa nektarmyndum af öðrum í leyfisleysi, að senda óumbeðnar nektarmyndir og kynferðisleg skilaboð til annarra sem kæra sig ekki um það, að þrýsta á aðra að senda nektarmyndir eða beita hótunum í þeim tilgangi, að hóta öðrum að dreifa nektarmyndum af þeim, að dreifa fölsuðum nektarmyndir af öðrum eða hóta því, að nota nektarmyndir sem vopn til að hrella, hóta eða kúga fé af öðrum, o.s.frv. Listinn er ekki tæmandi, enda tekur tæknin sífældum breytingum og þar af leiðandi er stafrænt kynferðisofbeldi í örri þróun líka.

Þótt fólk af öllum kynjum geti orðið fyrir stafrænu kynferðisofbeldi er staðreyndin sú að meirihluti brotaþola er kvenkyns<sup>3</sup>. Kynferðisofbeldi telst því til kynbundins ofbeldis, sem er birtingarmynd kynjamisréttis. Af skjólstæðingum Stígamóta er um 10% karlkyns<sup>4</sup>. Í könnun sem gerð var í íslenskum framhaldsskólum árið 2004 kom í ljós að 13,6% íslenskra stúlkna

<sup>1</sup> Betur er greint frá menntun og reynslu handritshöfundanna í viðauka.

<sup>2</sup> „Fáðu já!“ vann til alþjóðlegra verðlauna á InSafe ráðstefnunni í Tallinn í Eistlandi 2013 sem besta fræðslufnið. Sjálfstæða framhaldsmyndin „Stattu með þér!“ var tilnefnd til Eddunnar 2015 sem besta barnaefnið.

<sup>3</sup> 97% af íslenskum brotaþolum eru kvenkyns samkvæmt

bráðabirgðaniðurstöðum rannsakandans Hildar Friðriksdóttur við Háskólann á Akureyri á svokölluðu hrelliklámi. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum samtakanna CCRI frá 2017 eru konur nær tvöfalt líklegri til að vera þolendur og karlar rúmlega tvöfalt líklegri til að vera gerendur í stafrænum kynferðisofbeldismálum. Sjá hér: <https://www.cybercivilrights.org/wp-content/uploads/2017/06/CCRI-2017-Research-Report.pdf>

<sup>4</sup> Samkvæmt meðaltali úr ársskýrslum Stígamóta frá árinu 2004.

og 2,8% drengja höfðu verið misnotuð fyrir 18 ára aldur. Stúlkur sem sögðust hafa verið sannfærðar, þvingaðar eða neyddar til kynferðislegra athafna gegn vilja sínum voru rúmlega fimmfalt fleiri en drengir.<sup>5</sup> Ýmislegt bendir til þess að karlar séu síður líklegir til að greina frá ofbeldi sem þeir verða fyrir og því kann tíðni þess að vera vanmetin að mati Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar.<sup>6</sup> Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu eru 95% allra gerenda í kynferðisbrotamálum karlkyns. Þar sem kynferðisofbeldi er birtingarmynd kynjamisréttis þarf að stuðla að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum til að útrýma því. Mikilvægt er að hafa þessar staðreyndir í huga við sýningu á *Myndinni af mér* og í þeim umræðum sem skapast í kjölfarið.

### Hvers vegna núna?

Meginmarkmið *Myndarinnar af mér* er að koma mikilvægri fræðslu til ungs fólks með hætti sem endurspeglar raunveruleika þeirra og menningu. Samhliða því sem kynferðisleg samskipti ungmenna hafa færst í auknum mæli inn á netið með tilkomu snjallsíma og smáforrita hefur þörfin fyrir að innlima netsamskipti í kynfræðslu barna orðið knýjandi. Þessi þörf hefur birst handritshöfundinum Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur með ápreifanlegum hætti, árið 2015-2016 fræddi hún hátt í 3000 íslenska foreldra og u.þ.b. 16.000 börn í öllum landshlutum um sexting (að skiptast á kynferðislegum myndum eða smáskilaboðum) og stafrænt kynferðisofbeldi (stundum nefnt hrelliklám). Í hverjum einasta hópi nemenda á aldrinum 12-15 ára spurði Þórdís Elva hvort þeir þekktu einhvern á sínum aldri sem hefði ýmist sent eða fengið senda nektarmynd. Að meðaltali réttu 75% nemenda rétt upp hönd. Í kjölfarið voru þeir spurðir hvort þeir þekktu til jafnaðra sem hefði orðið fyrir stafrænu kynferðisofbeldi (en búið var að útskýra hugtakið og gefa ítarleg dæmi um birtingarmyndir þess). Á bilinu 10-15% nemendanna réttu upp hönd. Þetta gefur eindregna vísbendingu um að vandamál tengd kynferðislegum netsamskiptum séu hluti af reynsluheimi íslenskra unglunga í dag. Yfirvöld eru svifaseinni en tæknin, sem fleygir fram á degi hverjum. Þar af leiðandi eru löggæsla og menntastofnanir komnar skammt á veg hvað snertir úrræði og fræðslu um kynferðisbrot í netheimum, sem eru þó í örum vexti samhliða tækninni. Forvarnir geta skipt sköpum til að draga úr þessari þróun, enda eru upplýstir einstaklingar síður líklegir til að brjóta af sér.

### Hverjar eru afleiðingar stafræns kynferðisofbeldis?

---

<sup>5</sup> Könnun á vegum Barnaverndarstofu og rannsóknarmiðstöðvarinnar Rannsóknir og greining. Úr ársskýrslu Barnaverndarstofu 2006–2007, bls. 24 svarhlutfall. Svarhlutfall var 80% virkra nemenda, eða um 10.500 ungmenni.

<sup>6</sup> Progress in Reproductive Health Research, tbl. 67, WHO, 2004.

Afleiðingar stafræns kynferðisofbeldis geta verið gríðarlegar fyrir brotapolana. Þótt nekt sé ekkert til að skammast sín fyrir eiga allir þann rétt að ráða því sjálfir hvenær þeir eru naktir og hverjum þeir treysta fyrir því. Að setja nektarmynd af einhverjum á netið í leyfisleysi er í raun sambærilegt og að afklæða viðkomandi á almannafæri, án samþykkis. Slík berstrípun væri brot við friðhelgi og sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins. Á internetinu magnast afleiðingarnar vegna þess hve hratt upplýsingar berast manna á milli. Því miður eru dæmi um að brotapolar fyllist vonleysi og fremji sjálfsvíg í kjölfar stafræns kynferðisofbeldis.<sup>7</sup> Kynfrelsi hveurrar manneskju felur í sér réttinn til að ákveða hvenær maður tekur þátt í kynferðislegu athæfi, hvort sem heldur er í eigin persónu eða í gegnum nettengt tæki. Þegar nektarmyndum er dreift í leyfisleysi strípar það brotapolana, í orðsins fyllstu merkingu, í almannarýminu og sviptir þá aukinheldur sjálfsákvörðunarréttinum yfir eigin líkama. Þrátt fyrir alvarleika brotanna er vitundin um stafrænt kynferðisofbeldi enn á frumstigi og hugtökin enn í mótun. Á Íslandi hefur þingsályktunartillaga verið lögð fram sem miðar að því að gera ósamþykktu dreifingu nektarmynda að sérstöku hegningarlagabroti,<sup>8</sup> en hingað til hafa lög sem lúta að særðri blygðunarkennd og friðhelgi verið notuð til að rökstyðja saknæmi brotanna. Sífelld fleiri lönd hafa á undanförunum árum tekið upp sértæka löggjöf sem miðar að því að gera stafrænt kynferðisofbeldi að refsiverðu athæfi.<sup>9</sup>

Ótti íslenskra barna og unglunga við að nektarmyndir verði teknar af þeim í leyfisleysi og notaðar gegn þeim er nú þegar farinn að hindra sum þeirra í leik og starfi. Á fyrirlestrarferð Þórdísar Elvu sögðu kennarar víða um land henni frá því að vaxandi hluti barna óttist að fara í sund og leikfimi, þar sem skólafélagar þeirra eru með myndavélasíma í búningsklefunum. Sumsstaðar er ástandið svo slæmt að heilu árgangarnir neita að fara í sturtu eftir leikfimi, sem mengar andrúmsloftið í næstu tímum í orðsins fyllstu merkingu. Ótti barnanna er ekki úr lausu lofti gripinn, þar sem fleiri en eitt mál hefur komið upp á undanförunum árum sem varða óleyfilega myndatöku í búningsklefum.<sup>10</sup>

### Hvað er *sexting* og hvað kemur það málinu við?

---

<sup>7</sup> Stafrænt ofbeldi er lífshættulegt, UN Women, íslensk landsnefnd. <https://heforshe.is/stafrænt-ofbeldi-er-lifshaettulegt/>. Sótt 12. janúar 2018.

<sup>8</sup> <http://www.althingi.is/altext/144/s/0668.html>. Sótt 13. janúar 2018.

<sup>9</sup> [https://en.wikipedia.org/wiki/Revenge\\_porn#Legislation](https://en.wikipedia.org/wiki/Revenge_porn#Legislation). Sótt 11. janúar 2018.

<sup>10</sup> Lesa má fréttir af slíkum málum hér: <http://www.visir.is/g/2011708039929> og hér:

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/04/22/myndadi\\_konur\\_i\\_buningsklefa/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/04/22/myndadi_konur_i_buningsklefa/) Niðurstöður sóttar 10. janúar 2018.

Sexting, sem inniber að skiptast á kynferðislegum smáskilaboðum sem oft fela í sér nektarmyndir, er vaxandi hluti af kynhegðun ungmenna í dag. Niðurstöður rannsóknar frá Bandaríkjunum benda til þess að 54% ungmenna þar í landi hafi iðkað sexting áður en þau náðu 18 ára aldri.<sup>11</sup> Íslensk rannsókn á vegum SAFT verkefnisins árið 2013 sýndi að 14% nemenda í 10. bekk sögðust hafa verið beitt þrýstingi til að senda af sér nektarmynd, eða ljósmynd í ögrandi stellingum, á síðustu 12 mánuðum. Norsk rannsókn frá 2015 sýndi að 38% stúlkna á aldrinum 14-17 ára hefði orðið fyrir áreitni á internetinu eða verið hótað að nektarmynd af þeim yrði dreift.<sup>12</sup> Samhliða því sem ungt fólk iðkar sexting í vaxandi mæli (gjarnan með því að skiptast á nektarmyndum), langoftast sem hluti af tilhugalífi og daðri, hefur stafrænt kynferðisofbeldi einnig færst í aukana. Almennur misskilningur ríkir um hvað stafrænt kynferðisofbeldi er meðal barna og unglinga, sem mörg hver telja að það einskorðist við að ná sér niðri á annarri manneskju með dreifingu nektarmynda. Þetta er að einhverju leyti arfleifð orðsins „hefnarklám“. Vissulega kemur fyrir að viðtakendur nektarmynda reynast ekki traustsins verðir og í sumum tilvikum verða nektarmyndir að vopni í ágreiningsmálum, t.d. eftir sambandsslit. Það er þó ekki eina leiðin fyrir nektarmyndir að komast í umferð án samþykkis þess sem á myndunum sést. Slíkum myndum getur einnig verið stolið af tölvuprjótum, þær geta verið falsaðar með aðstoð myndvinnsluforrita eða teknar án vitundar brotapolans, s.s. í búningasklefum eða í kynferðislegum aðstæðum. Þá geta þær verið afleiðing ofbeldis eða hótana, til dæmis í tilvikum þar sem nauðganir eru teknar upp og dreift á netinu, eða þegar gerendur eru í aðstöðu til að kúga brotþola til að senda sér nektarmyndir. Því er til mikils að vinna að hreinsa þann misskilning að stafrænt kynferðisofbeldi sé eingöngu afleiðing hefndarþorsta og er það eitt af markmiðum *Myndarinnar af mér*. Ekki einungis er hugmyndin um að bitrir fyrrverandi makar standi á bakvið allt stafrænt kynferðisofbeldi röng, heldur er felur hugmyndin um hefnd í sér ákveðna þolendaskömmun. Hefnd er andsvar einstaklings eftir að búið er að brjóta gegn honum, til að rétta sinn hlut. Hugmyndin um „hefnarklám“ leiðir hugann að því að þolandinn hafi gert eitthvað á hlut gerandans áður en hann dreifði nektarmyndunum. Þannig var dreifingin gerð í hefndarskyni og ábyrgðin að einhverju leyti á herðum þolandans fyrir að hafa ögrað gerandanum eða reitt hann til reiði. Þessa hugmyndafræði þarf að uppræta og hvetja aðstandendur *Myndarinnar af mér* fólk til að hafa hugfast að hugtakanotkun sendir skilaboð og hefur mótandi áhrif á viðhorf.

---

<sup>11</sup> Youth Sexting: Prevalence Rates, Driving Motivations, and the Deterrent Effect of Legal Consequences, 2011. Heidi Strohmaier, Megan Murphy, David DeMatteo.

<sup>12</sup> STIR (Safeguarding Teenage Intimate Relationships) 2015: 3. Carolina Överlien

## Stafrænt kynferðisofbeldi og lagaumhverfið á netinu

Talið er að stafrænt kynferðisofbeldi velti háum fjárhæðum,<sup>13</sup> án þess þó að hægt sé að færa þær til bókar, enda blómstrar það á skuggahliðum internetsins þar sem langur armur laganna reynist bæði stuttur og þróttlítill. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni eru vefsvæði þar sem nálgast má nektarmyndir af íslenskum brotapolum ekki einungis vistuð erlendis, heldur er þeim haldið úti af einstaklingum sem notast við órekjanlega vafra. Þannig er nær ógerlegt að hafa hendur í hári þeirra. Jafnvel þótt hægt væri að hafa uppi á viðkomandi þyrfti landið þar sem síðan er hýst að hafa í gildi lög sem banna athæfi á borð við þetta. Það kann að koma á óvart að árið 2016 höfðu einungis 82 lönd af þeim 196 sem eru í samstarfi við alþjóðalögregluna Interpol samþykkt lög sem banna barnaklám með sértækum hætti.<sup>14</sup> Mun færri lönd hafa samþykkt lög sem gera stafrænt kynferðisofbeldi ólöglegt. Alþjóðaumhverfi internetsins gerir baráttuna gegn þessum brotum afar snúna, svo ekki sé meira sagt. Einmitt þess vegna geta forvarnir og fræðsla skipt sköpum.

## Hver ber ábyrgð á stafrænu kynferðisofbeldi?

Þeir sem þekkja ekki þann möguleika að stofna til ástarsambands með aðstoð internetsins og vita þaðan af síður hvernig það er að vera unglingur á snapchat, hafa í sumum tilvikum tilhneigingu til að fordæma sexting og álasa þolendum óleyfilegrar nektarmyndadreifingar með þeim orðum að viðkomandi hefði betur sleppt því að taka af sér djarfa mynd. Slík þolendaskömmun er ekki ýkja frábrugðin því að álasa brotþola í nauðgunarmáli með því að hún hafi boðið hættunni heim þegar hún valdi að klæða sig í stutt pils. Staðreyndin er þó sú að fólk hefur rétt á því að tjá kynverund sína, hvort sem það felur í sér að klæða sig á tiltekinn hátt, daðra eða taka af sér djarfar ljósmyndir. Það veitir engum leyfi til þess að svipta viðkomandi kynfrelsinnu eða sjálfsákvörðunarréttinum yfir eigin líkama. Ábyrgðin á kynferðisbroti, hvort sem það á sér stað í netheimum eða í raunheimum, liggur ávallt hjá þeim sem ákveður að fremja brotið, ekki þeim sem verður fyrir því. Staðreyndin er sú að kynferðisleg samskipti í netheimum eru komin til að vera og sexting er orðinn hluti af kynhegðun ungmenna í dag. Vekja þarf samfélagsvitund um þessa staðreynd og opna umræðu sem sviptir leyndarhulunni

<sup>13</sup> Revenge porn: the industry profiting from online abuse, Dan Tynan, The Guardian, 2016. Niðurstaða sótt 13. janúar 2018.

<sup>14</sup> Child Pornography: Model Legislation & Global Review, International Centre for Missing & Exploited Children (ICMEC), 2016, <https://www.icmec.org/wp-content/uploads/2016/02/Child-Pornography-Model-Law-8th-Ed-Final-linked.pdf>. Niðurstaða sótt 10. janúar 2018.



af málaflokkinum. Á meðan umræða um kynhegðun ungmenna í netheimum liggur í láginni er hættu á því að það teljist „tabú“, sem dregur úr líkum þess að þolendur leiti sér aðstoðar og styrkir gerendur í þeirri trú að þeir komist óáreittir upp með brotin. Þannig er eitt af markmiðum *Myndarinnar af mér* að stuðla að mikilvægri umræðu um að sömu lögmál gildi innan netsins sem utan, þ.e. virðing fyrir kynfrelsi og sjálfsákvörðunarrétti annarra.

## II HLUTI: SÝNING MYNDARINNAR AF MÉR

(Hvenær, fyrir hverja, hvernig og undir handleiðslu hvers er best að sýna *Myndina af mér*)

Sé myndin tekin til sýninga í menntastofnunum/félagsmiðstöðvum er starfsfólk á hverjum stað treyst fyrir því að meta aðstæður með tilliti til þess hvernig best er að standa að sýningu á *Myndinni af mér*. Að því sögðu er mælt með eftirfarandi:

1. HVENÆR?) Myndin af mér verður frumsýnd í fjórum hlutum dagana 16. – 19. janúar 2018 og kynningarstarf myndarinnar tekur mið af þeirri dagsetningu. Kjörið er að nota tækifærið og byggja á þeirri umræðu sem þá skapast í þjóðfélaginu og taka myndina til sýningar. Gefist þess ekki kostur má taka myndina til sýningar hvenær sem er eftir 19. janúar 2018 (en þá verður hún sett í heild sinni á netið.) Í kjölfar sýningarinnar er mælt með að áhorfendum sé skipt upp í hópa fyrir umræður um innihald myndarinnar.

2. FYRIR HVERJA?) Myndin er fyrst og fremst ætluð unglingum á aldrinum 13-17 ára.

3. STÝRT AF HVERJUM?) Áhugasömum leiðbeinanda: Mikilvægt er að leiðbeinandinn, sem stýrir umræðum í kjölfar sýningu myndarinnar, sé áhugasamur um viðfangsefnið. Það er ekki skylda að sá leiðbeinandi komi úr röðum kennara. Ef skólahjúkrunarfræðingurinn, námsráðgjafinn, skólasálfræðingurinn, félagsmiðstöðvarstarfsmaðurinn eða einhver annar úr starfsliði skólans/félagsmiðstöðvarinnar er best til þess fallin/n að takast verkefnið á hendur er hvatt til þess.

Fagleg viðvera: Það er engin skylda en gæti reynst gagnlegt að hafa einstakling með skilning á sálfræði (hvort sem það er skólasálfræðingur, félagsráðgjafi, námsráðgjafi eða einhver annar) viðstaddan við umræður eftir myndina, sé þess kostur. Þetta gæti komið sér vel ef sárar minningar rifjast upp fyrir einhverjum í áhorfendahópnum. Að öðrum kosti er gott ef slíkur fagaðili gæti verið tiltækur í kjölfar umræðanna, gerist þess þörf. Þá gæti verið gott að láta fulltrúa barnaverndaryfirvalda á

staðnum vita af sýningu myndarinnar svo hægt sé að undirbúa möguleg viðbrögð.

4 HVERNIG?) Í blönduðum eða kynskiptum umræðuhópum: Eins og fram hefur komið beinist stafrænt kynferðisofbeldi fremur að stúlkum en drengjum og þess vegna má leiða líkur að því að reynsluheimur og upplifun kynjanna af málefningu sé ólíkur. Þá er reynsla þeirra fagaðila sem farið hafa með fræðslu um kynlíf og ofbeldi í skóla sú að drengir og stúlkur á unglingsaldri þori fremur að bera upp viðkvæmar spurningar ef þau eru í hópi einstaklinga af sama kyni heldur en ef þau eru í blönduðum hópi. Mikilvægt er að geta rætt um kynferðisofbeldi sem birtingarmynd kynjamisréttis án þess að nemendum líði eins og verið sé að skipa þeim í andstæðar fylkingar (strákarnir upplifi sig sem gerendur og stelpurnar sem þolendur) og fari í vörn af þeim sökum. Þetta er enn ein ástæða þess að kynjaskiptir hópar gætu reynst vel. Blandaðir hópar geta þó líka alið af sér gagnlegar umræður þar sem skipst er á ólíkum sjónarmiðum, svo hverjum og einum skóla/félagsmiðstöð er í sjálfsvald sett að meta hvor aðferðin er talin eiga betur við.

Nafnlausar spurningar gætu reynst vel til að eyða feimni. Þá skrifa nemendur nafnlausa spurningu á blað sem leiðbeinandinn svarar í upphafi eða lok umræðnanna. Eflaust gæti þessi aðferð gert einhverjum nemendum kleift að spyrja spurninga sem þeir myndu annars ekki vilja spyrja fyrir framan aðra.

### Hvað ef ungmenni segir mér frá stafrænni kynferðisofbeldis reynslu?

Viðbrögðin verða eflaust eins misjöfn eins og áhorfendurnir eru margir. Þó má gera ráð fyrir því að myndin vekur upp spurningar og umræður um kynlíf, ofbeldi og samtímann – til þess er leikurinn gerður. Þá er ekki útilokað að einhverjir sem orðið hafa fyrir ofbeldi rjúfi þögnina um eigið ástand. Það mikilvægasta sem hafa ber í huga er tilkynningaskylda almennings og þeirra sem vinna með börnum undir 18 ára aldri, ef upp kemur sá grunur að barn sé beitt ofbeldi eða harðræði.<sup>15</sup> Segi barn frá ofbeldi (stafrænu eður ei), eða gefi í skyn að það verði fyrir ofbeldi, ber hinum fullorðna að tilkynna það til Barnaverndar í síma 112. Mikilvægt er að lofa barninu ekki trúnaði, því það er beinlínis skylda að rjúfa trúnaðinn og láta yfirvöld vita ef grunur leikur á að barn sé misnotað.

Eftirfarandi upplýsingar gæti verið gott að koma á framfæri til barns sem beitt hefur verið ofbeldi af þessu tagi:

---

<sup>15</sup> Skv. 16. og 17. gr. Barnaverndarlaga, 2002 nr. 80 10. maí.

*Ef þú verður fyrir stafrænu kynferðisofbeldi er mikilvægt að þú fáir þá aðstoð sem þú átt skilið. Enginn verðskuldar að þurfa að glíma við afleiðingar ofbeldis einn síns liðs. Sé málið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda getur þú fengið aðstoð sérfræðinga við að vinna úr reyngu þinni og líða betur. Ef þú ert ekki reiðubúin/n að málið verði að lögreglumáli er reynt að taka tillit til vilja þíns. Þeim mun eldri sem þú ert, þeim mun meiri líkur eru á að sjónarmið þitt sé virt. Mikilvægast er að þú fáir hjálpina sem þú verðskuldar.*

### **Þegar þolandinn er undir 15 ára aldri**

Sé barnið undir 15 ára og vill vita hvað myndi gerast ef lögreglan tæki mál þeirra til rannsóknar, er svarið eftirfarandi:

*Ef þú ert undir 15 ára þegar þú verður fyrir stafrænu kynferðisofbeldi er líklegast að skýrslutakan (þar sem þú lýsir því sem kom fyrir þig) fari fram í húsi sem kallast Barnahús. Þar segir þú starfsmanni Barnahúss söguna þína, í einrúmi.*

*Eftir það er þér boðin hjálp í Barnahúsi við að vinna úr tilfinningum þínum vegna brotsins, eins lengi og þörf krefur, eða þangað til þér er farið að líða betur. (Búi barnið á höfuðborgarsvæðinu er því boðið að koma í Barnahús til að fá þessa hjálp, en búi það utan höfuðborgarsvæðisins kemur sérfræðingur frá Barnahúsi til þess.)*

*Ef sá sem framdi brotið gegn þér var eldri en 15 ára þegar hann beitti ofbeldinu sér lögreglan yfirleitt um að rannsaka málið, en ef gerandinn er yngri en 15 ára sjá barnaverndaryfirvöld eingöngu um málið.*

*Þegar lögreglan er búin með rannsókn sína (ef gerandinn var eldri en 15 ára) fær Ríkissaksóknari málið þitt í hendur. Ríkissaksóknari skoðar öll gögn í málinu og tekur ákvörðun um hvort gefin sé út ákæra eða ekki.*

*Ef gefin er út ákæra fer málið fyrir dómstól, þar sem dómara ákveða hvort sá sem beitti ofbeldinu er fundinn sekur eða ekki. Þú þarft ekki að mæta í dómssalinn og segja söguna þína aftur.*

### **Þegar þolandinn er 15 ára eða eldri**

Sé barnið á aldrinum 15-18 ára og vill vita hvað myndi gerast ef lögreglan tæki mál þeirra til rannsóknar, er svarið eftirfarandi:

*Ef þú ert 15 ára eða eldri þegar þú verður fyrir stafrænu kynferðisofbeldi er líklegt að skýrslutakan (þar sem þú lýsir því*

sem kom fyrir þig) fari fram á lögreglustöð. Eftir það átt þú rétt á hjálp í Barnahúsi við að vinna úr tilfinningum þínum vegna brotsins, eins lengi og þörf krefur, eða þangað til þér er farið að líða betur. (Búi barnið á höfuðborgarsvæðinu er því boðið að koma í Barnahús til að fá þessa hjálp, en búi það utan höfuðborgarsvæðisins kemur sérfræðingur frá Barnahúsi til þess.)

Ef sá sem framdi brotið gegn þér var eldri en 15 ára þegar hann beitti ofbeldinu sér lögreglan yfirleitt um að rannsaka málið, en ef gerandinn er yngri en 15 ára sjá barnaverndaryfirvöld eingöngu um málið. Þegar lögreglan er búin með rannsókn sína (ef gerandinn var eldri en 15 ára) fær Ríkissaksóknari málið þitt í hendur.

Ríkissaksóknari skoðar öll gögn í málinu og tekur ákvörðun um hvort gefin sé út ákæra eða ekki. Ef gefin er út ákæra fer málið fyrir dómstól, þar sem dómarar ákveða hvort sá sem beitti ofbeldinu er fundinn sekur eða ekki. Þú þarft að mæta í dómssalinn og segja söguna þína aftur, fyrir framan dómarann. Þér til halds og trausts verður sama manneskjan og hefur veitt þér aðstoð í Barnahúsi, og/eða manneskja sem hefur það hlutverk að styðja við bakið á þér og gæta réttar þíns, sem kallast réttargæslumaður. Markmiðið er að þú fái aðstoðina sem þú átt skilið á öllum stigum ferlisins.

### Þegar þolandinn er 18 ára eða eldri

Tilkynni einstaklingur sem er 18 ára eða eldri til lögreglunnar um að hann hafi verið beittur stafrænu kynferðisofbeldi fer samskonar ferli fram og hjá 15-18 ára aldurshópnum, nema að þjónusta Barnahúss stendur viðkomandi ekki til boða. Hann/hún getur þó fengið ókeypis viðtöl í Stígamótum (fyrir öll kyn), Kvennaathvarfinu (fyrir konur og stúlkur) sé viðkomandi í Reykjavík. Á Akureyri starfar [Aflið](#) og hvar sem þolandur eru staddir geta þeir ávallt hringt í hjálparsíma Rauða krossins (1717) eða notfært sér netspjall RKÍ.

### Hvert er best að leita ef ég fæ ofbeldistengdar spurningar sem ég veit ekki svarið við?

Upplýsingaveitur um ofbeldi eru til dæmis:

Blátt Áfram, [www.blattafram.is](http://www.blattafram.is)

Vefur Heilsugæslunnar:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/ofbeldi-og-vanraeksla/tegundir-ofbeldis/>

Drekaflóð, fræðslu- og þjónustumiðstöð fyrir þolendur alls kyns ofbeldis og aðstandendur þeirra: <http://drekaslod.is>

Stígarnót: [www.stigarnot.is](http://www.stigarnot.is), sími 562-6868

Kvennaathvarf: [www.kvennaathvarf.is](http://www.kvennaathvarf.is), sími 561-1205

Vefur Kvenréttindafélags Íslands gegn stafrænu kynferðisofbeldi: <http://stodvumhrelliklam.is/>

Fyrirlesturinn [BER ÞAÐ SEM EFTIR ER: ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM SEXTING OG HRELLIKLÁM](#). Aðgengilegur á youtube rás Vodafone is.

<https://www.youtube.com/watch?v=vladV1NHvqo>

### Hvert er best að leita ef ég fæ kynlífstengdar spurningar sem ég veit ekki svarið við?

Spurningum nemenda um kynlíf er best svarað með virðingu að leiðarljósi, bæði fyrir spyrjandanum og viðfangsefninu. Ef leiðbeinandinn sem stýrir umræðunni veit ekki svarið við tiltekinni spurningu er betra að játa fáfræði sína en að segja eitthvað sem gæti reynst rangt. Enginn er útlærður í þessum fræðum og engin skömm að því að hafa ekki öll svör í handraðanum.

Til eru frábærar upplýsingaveitur um kynlíf og kynheilbrigði fyrir ungt fólk á íslensku, svo sem:

Kynfræðsluvefurinn, fræðsluvefur Námsgagnastofnunar:  
<http://www1.nams.is/kyn/index.php>

Unglingavefur Heilsugæslunnar:  
<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/kynheilbrigdi/>

Fyrirlesturinn [BER ÞAÐ SEM EFTIR ER: ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM SEXTING OG HRELLIKLÁM](#). Aðgengilegur á youtube rás Vodafone is.

<https://www.youtube.com/watch?v=vladV1NHvqo>

Aðstandendur myndarinnar eru einnig boðnir og búnir að svara spurningum og aðstoða leiðbeinendur.

**Þá er eindregið mælt með fræðslufirliti Menntaklifs, þar sem nálgast má allt íslenskt fræðsluefni sem tekur sérstaklega á kynfræðslu og kynferðisofbeldi, svo dæmi séu nefnd. Það má nálgast á <http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/fraedslufirlit/>**

## Hvaða skilgreiningar á ofbeldi er mælt með að ég að styðjist við?

Hér eru þær skilgreiningar á ofbeldi sem leiðbeinendum er ráðlagt að styðjast við:

**Stafrænt kynferðisofbeldi:** Til stafræns kynferðisofbeldis og áreitni telst til dæmis að sýna eða dreifa nektarmyndum af öðrum í leyfisleysi, að senda óumbeðnar nektarmyndir og kynferðisleg skilaboð til annarra sem kæra sig ekki um það, að þrýsta á aðra að senda nektarmyndir eða beita hótunum í þeim tilgangi, að hóta öðrum að dreifa nektarmyndum af þeim, að dreifa fölsuðum nektarmyndir af öðrum eða hóta því, að nota nektarmyndir sem vopn til að hrella, hóta eða kúga fé af öðrum, o.s.frv. Listinn er ekki tæmandi, enda tekur tæknin sífelldum breytingum og þar af leiðandi er stafrænt kynferðisofbeldi í örri þróun líka.

**Kynbundið ofbeldi:** Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.<sup>16</sup> Einnig er talað um kynbundið ofbeldi ef meirihluti brotamanna og meirihluti brotþola eru af sitthvoru kyninu, eins og raunin er með kynferðisofbeldi.

**Kynferðisleg misnotkun á barni/kynferðisofbeldi gegn barni:** Er misnotkun fullorðins einstaklings á líkamlegu og andlegu þroskaleysi barns til að fá barnið til þátttöku í kynferðislegu athæfi, óháð vilja þess. Kynferðislegt athæfi getur falist í orðum (s.s. kynferðislegt tal til barns, ýmist í eigin persónu eða í gegnum tölvu/síma/önnur samskiptatæki), myndbirtingum (s.s. að sýna barni klámefni eða taka klámfengnar myndir/myndskeið af barninu), snertingum (s.s. ef brotamaðurinn lætur barnið snerta sig sjálft, brotamaðinn og/eða annan einstakling kynferðislega) og kynmökum (s.s. munnmök, samfarir um leggöng og/eða endaparmsmök, ýmist með líkamshluta, t.d. fingrum eða getnaðarlim, eða hlut.) Þá miðast kynferðislegur lögaldur á Íslandi við 15 ára aldur. Ólöglegt er að einstaklingur yfir 18 ára eigi í kynferðislegum samskiptum við barn sem er undir 15 ára, óháð því hvort barnið gaf samþykki sitt eða ekki.

## Hvað verður svo um myndina?

*Myndin af mér* verður hýst á veraldarvefnum á síðunni [www.myndinafmer.is](http://www.myndinafmer.is). Þar verður hægt að horfa á hana hvort sem heldur er í fjórum þáttum eða í fullri lengd (sem nemur tæpum hálf tíma). Hugmyndin er sú að allir landsmenn geti horft á

---

<sup>16</sup> Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 2008 nr. 10 6. mars.

myndina á netinu, langi þá til þess. Með þessu móti geta foreldrar séð myndina og jafnvel hagnýtt sér hana til að eiga samtál um þessi mikilvægu málefni við börn sín.

### Vertu hluti af lausninni: Tólf heilræði

Mælt er með að þau ungmenni sem horfi á *Myndina af mér* fái einnig í hendur heilræðin tólf, sem auðvelda öllum að gerast hluti af lausninni gegn þeim vanda sem stafrænt kynferðisofbeldi er. Þau eru eftirfarandi (og þau má einnig nálgast á heimasíðunni [www.myndinafmer.is](http://www.myndinafmer.is)):

#### 1. EKKI DREIFA NEKTARMYNDUM SEM VORU EKKI ÆTLAÐAR ÖÐRUM

Að dreifa nektarmyndum án leyfis þess sem a myndefninu sést er gróft brot, sem getur haft langvarandi áhrif á líf viðkomandi. Að skoða nektarmynd sem var ekki ætluð þér er innrás í líf manneskjunnar sem á myndinni sést. Ef þú gerir slíkt ertu að taka þátt í stafrænu kynferðisofbeldi.

#### 2. EKKI FALSA NEKTARMYNDIR AF ÖÐRUM

Photoshop er stórkostlegt verkfæri, en getur eyðilaggt líf annarra ef það er notað með skaðlegum hætti. Falsaðu aldrei nektarmyndir af öðrum, ekki einu sinni í gríni.

#### 3. NEKTARMYNDIR AF EINSTAKLINGUM UNDIR 18 FLOKKAST SEM BARNAKLÁM

Þótt kynferðislegur lögaldur á Íslandi sé 15 ára er samt ólöglegt að taka/dreifa kynferðislegu myndefni af einstaklingi undir lögaldri, bæði samkvæmt íslenskum og alþjóðlegum lögum. Þetta þýðir að einstaklingar undir 18 ára njóta meiri lagaverndar á netinu hvað nektarmyndir varðar en einstaklingar sem hafa náð lögræðisaldri.

#### 4. VERTU TRAUSTSINS VIRÐI

Ef einhver sem treystir þér sendir þér nektarmynd, vertu þá traustsins virði. Ekki áframsenda myndina eða sýna vinum þínum hana og ekki setja hana á netið. Myndin var ætluð þér, ekki öðrum.

#### 5. VERTU MEÐVITUÐ/AÐUR UM NETÖRYGGI

Engin tækni er 100% örugg, ekki einu sinni öpp sem „eyða“ myndefninu á nokkrum sekúndum (líkt og Snapchat og fleiri forrit.) Ef nektarmyndir af þér fara á flakk er það ekki þér að kenna. Þú átt skilið hjálp.

#### 6. EKKI SENDA NEKTARMYNDIR NEMA VILJI SÉ FYRIR HENDI

Að senda öðrum nektarmyndir, sem kæra sig ekki um að fá slíkt efni, flokkast undir kynferðislega áreitni. Vertu viss um að manneskjan sem þú ætlar að deila nektarmynd með hafi áhuga á slíkum samskiptum, áður en þú sendir.

#### 7. SNAPCHAT OG SAMBÆRILEG FORRIT „EIGA“ MYNDIRNAR ÞÍNAR

Samkvæmt reglum frá 2015 á Snapchat allar myndir og myndskreið sem send eru með aðstoð appsins um alla framtíð.

#### 8. HORFÐU GAGNRÝNUM AUGUM Á KLÁMVÆÐINGU

Ef þér finnst þú undir þrýstingi að vera kynþokkafull/ur eða djarfari en þú ert, þá er vandamálið ekki hjá þér heldur í viðhorfum sem búa til slíkar ranghugmyndir. Þú hefur rétt á að vera eins og þér líður best.

#### 9. ÞVINGUN ER ALDREI Í LAGI

Ef einhver reynir að þvinga þig til að taka þátt í kynferðislegum samskiptum, t.d. að senda nektarmynd eða gera eitthvað annað sem þér finnst þú ekki tilbúin/n til, þá getur það verið lögbrot. Þú átt alltaf fullan rétt á að draga mörk sem aðrir eru skyldugir til að virða - á sama hátt og þú verður að virða mörk annarra.

#### 10. TILKYNNNTU UM KYNFERÐISLEGA ÁREITNI

Ef þú ert undir 18 ára aldri og einhver fullorðinn sendir þér nektarmyndir eða kynferðisleg skilaboð sem þú kærir þig ekki um áttu rétt á að fá hjálp, enda er um kynferðisbrot í þinn garð að ræða. Slík aðstoð býðst ef þú tilkynnir um málið. Sama gildir ef þú ert orðin/n 18 og þú kærir þig ekki um myndefnið/skilaboðin sem þér voru send. Enginn hefur rétt á að áreita þig kynferðislega.

#### 11. SETTU ÁBYRGÐINA Á RÉTTAN STAÐ

Ef nektarmyndir eða aðrar viðkvæmar ljósmyndir fara á netið á án samþykkis þess sem á myndunum sést, þá liggur ábyrgðin hjá þeim sem dreifði myndunum (gerandanum), ekki hjá þeim sem varð fyrir því (þolandanum).

#### 12. EKKI DRUSLUSKAMMA

Það er ekkert óeðlilegt við nekt eða við það að hafa áhuga á kynlífi. Allir eru naktir undir fötunum og kynferðislegur áhugi er hluti af kynheilbrigði. Það er ekkert til að skammast sín fyrir. Hins vegar liggur skömmin á kynferðisbrotum hjá þeim sem þau fremja - til dæmis hjá þeim sem ákveða að dreifa nektarmyndum í leyfisleysi.

### III HLUTI: EFNI MYNDARINNAR



## Yfirlit yfir Myndina af mér skipt niður eftir köflum

### FYRSTI HLUTI

#### Samantekt:

Í upphafi sjáum bregða fyrir helstu persónum myndarinnar: Ylfu, sem er nýflutt til Reykjavíkur frá Akureyri, Snædís frænku hennar, Dabbý vinkonu Snædísar, Andra fyrrverandi kærasta Ylfu, snappstjörnunni Grími og besta vin hans, Aroni. Öll eiga þau það sameiginlegt að vera að hefja nám við sama framhaldsskólann á vorönn.

Ylfa mætir í nýja framhaldsskólann á fyrsta degi vorannarinnar og rekst á Andra, fyrrverandi kærasta sinn í anddyrinu, þeim báðum til ama. Snædís tekur hana upp á arma sína, sýnir henni mötuneytið og segir henni frá öðrum nemendum, þ.á.m. Aroni og Grími (sem er vinsæll tónlistarsnappari með rúmlega tuttugu þúsund fylgjendur). Aron, sem safnar nektarmyndum af skólasystur sínum, sýnir strax áhuga á að eignast nektarmynd af „nýju stelpunni“ (Ylfu). Snædís kynnir Ylfu fyrir Dabbý, vinkonu sinni, sem gefur í skyn að Ylfa ætti bara að senda Aroni nektarmynd strax því það sé skárra en að hann sé að „suða í manni í marga mánuði“. Þegar Ylfa kveðst ekki vilja senda strák sem hún þekkir ekki nektarmynd bregst Dabbý ókvæða við og heldur því fram að nektarmyndir verði ekkert vandamál fyrir þeirra kynslóð í framtíðinni, enda sé nekt ekkert til að skammast sín fyrir. Eftir að hún er farin segir Snædís Ylfu frá því að Dabbý hafi orðið fyrir stafrænu kynferðisofbeldi tveimur árum áður og að nektarmyndir af henni séu aðgengilegar á heimasíðu sem kallast Swapsluts, þar sem grófar og ljótar athugasemdir eru skrifaðar um hverja mynd.<sup>17</sup> Í millitíðinni uppgötva Grímur og Aron að fyrrum keppandi í Ungfrú Ísland sé byrjuð í skólanum, hin glæsilega Anna Marín. Aron, sem ákveður samstundis að reyna að komast yfir nektarmynd af henni, notfærir sér frægð Gríms og kallar hana að borðinu þeirra. Grímur og Anna Marín eiga í stuttu og vandræðalegu samtali. Í fyrstu frímínútum dagsins rekst Ylfa á Snædís og Dabbý, sem segja henni frá því að einhver hafi auglýst eftir nektarmyndum af Ylfu á Swapsluts. Ylfu er brugðið en Dabbý glottir og segir að hún ætti nú ekki að þurfa að hafa neinar áhyggjur, það séu hvort eð er ekki til neinar nektarmyndir af henni, er það nokkuð? Ylfa þegir en hugur hennar reikar til fjarsambandsins sem hún átti við Andra, þar sem þau fækkðu bæði fötum fyrir framan vefmyndavél.

#### Umræðuverkefni: *Hvað finnst ykkur um nektarmyndasöfnun*

---

<sup>17</sup> Byggt á sambærilegri heimasíðu sem íslenskum yfirvöldum hefur reynst ógerningur að loka þrátt fyrir að þar megi finna nektarmyndir af íslenskum börnum niður í 12 ára. Ákveðið var að breyta nafninu á heimasíðunni í myndinni af virðingu við brotþola.

*Arons? Ef maður myndi ekki biðja ókunnuga manneskju um að fækka fötum fyrir framan mann, er eitthvað öðruvísi að biðja fólk sem maður þekkir ekki neitt um nektarmynd? Haldiði að allir myndu þora að segja nei við slíkri beiðni? Ef einhver segir nei, er þá í lagi að endurtaka spurninguna ítrekað (þ.e. suða?) Er einhverntíma í lagi að beita aðra þrýstingi um að taka þátt í kynferðislegu athæfi? Vitið þið um dæmi þar sem einhver hefur beitt, eða orðið fyrir, slíkum þrýstingi?*

*Hvað finnst ykkur um heimasíður á borð við Swapsluts, þar sem stafrænu kynferðisofbeldi er beitt og nálgast má ólöglegar nektarmyndir? Hvernig myndi ykkur líða ef ljósmynd af ykkur (eða einhverjum sem ykkur þykir vænt um) yrði sett inn á slíka síðu? Hvert mynduð þið snúa ykkur?*

**Varist:** Að missa umræðurnar út í „gráa svæðið“. Liggi skýrt samþykki ekki fyrir má enginn dreifa, áframsenda eða sýna öðrum nektarmynd sem viðkomandi var treyst fyrir. Sama gildir um að senda öðrum nektarmynd af sér, það er ekki í lagi ef viðtakandinn hefur ekki sýnt áhuga á kynferðislegum samskiptum. Ákveði einhver að senda öðrum einstakling nektarmynd er sá hinn sami ekki sjálfkrafa að samþykkja að annað fólk fái líka að sjá myndina. Hafi annað ekki verið sérstaklega rætt og samþykkt ber ávallt að ganga út frá trúnaði og friðhelgi þegar nekt er annars vegar. Ennþá mikilvægara er að hafa hugfast að nektarmyndir af einstaklingum undir 18 ára aldri flokkast sem barnaklám samkvæmt alþjóðalögum og að dreifing slíkra mynda gæti haft alvarlegar lagalegar afleiðingar. Þá er ekki í lagi að beita fólk þrýstingi um að taka þátt í kynferðislegu athæfi eða vanvirða mörk manneskju sem er búin að segja nei.

**Varist** einnig „drusluskömmun“ (e: slut-shaming), þ.e. að umræðurnar þróist út í að þeir sem taki af sér nektarmyndir geti sjálfum sér um kennt ef myndunum er dreift. Benda má á að samskonar rök voru lengi notuð gegn nauðgunarþolendum, að ef þeir klæddu sig eða hegðuðu sér með tilteknum hætti þá gætu þeir sjálfum sér um kennt ef aðrir beittu þá ofbeldi. Staðreyndin er sú að sá sem dreifir nektarmyndum án leyfis þess sem á myndunum sést er að beita stafrænu kynferðisofbeldi. Líkt og með allt ofbeldi er það gerandinn sem ber ábyrgð á brotinu, ekki þolandiinn sem fyrir því verður.

## ANNAR HLUTI

### Samantekt:

Grímur, sem er nýkominn heim úr skólanum, fær snapp frá Önnu Marín, sem vill að þau skiptist á nektarmyndum og sendir honum djarfar myndir. Grímur lætur til leiðast og afklæðist. Á sama tíma er Ylfa að klára fyrsta skóladaginn og er boðið far heim af Snædísí og Dabbýju. Þegar hún sest inn í bílinn réttir Dabbý

henni símann sinn glottandi og segir henni að einhver hafi boðið 20.000 kr fyrir nektarmynd af Ylfu. Ylfu bregður og hrökklast út úr bílnum. Hún íhugar að hringja í Andra, einu manneskjuna sem gæti átt nektarmyndir af henni. Hugur hennar reikar til kvöldsins þegar þau fækkuðu fötum fyrir framan vefmyndavél og hvernig hún tók skýrt fram að þetta væri í trúnaði, þeirra í milli.

Samhliða þessu fær Grímur óhugnaleg skilaboð, sem leiða í ljós að Anna Marín var ekki sú sem hún sagðist vera. Grímur fær sent kynferðislegt myndskeið af sjálfum sér, sem hann taldi sig vera að senda til Önnu Marínar. Myndskeiðinu fylgir hótun um að því verði dreift. Grímur hringir í áfalli í Aron og spyr hann hvort hann sé að hrekkja sig. Aron kemur af fjöllum og neitar því.

Ylfa, sem er komin heim til sín, reynir að ná í Andra, sem svarar ekki símanum. Hún sendir honum sms og biður hann um að hringja í sig, málið sé áfríðandi. Hugur hennar reikar til kvöldsins þegar þau hættu saman. Þau voru í partíi þar sem Andri kom að Ylfu í sleik við aðra stelpu inni á baðherbergi. Þegar Andra brá og fannst hann vera svikinn bætti Ylfa gráu ofan á svart með því að saka hann um að vera með „fordóma“. Andri rauk í burtu og sambandinu lauk eftir þetta.

Í nútímanum situr Ylfa í herbergi sínu, fyrir framan tölvuna. Hún fær áfall þegar hún sér að auglýsingin á Swapsluts hefur borið árangur og að einhver er búinn að setja inn nektarmynd af henni ásamt því að skrifa ljótar athugasemdir við hana. Hún þekkir strax myndina, sem varð til þegar hún fækkaði fötum fyrir Andra.

**Umræðuverkefni:** *Hvað kom fyrir Grím í þessum hluta myndarinnar? Hvernig mynduð þið bregðast við ef þetta kæmi fyrir ykkur eða vin ykkar/vinkonu? Rökstyðjið.*

*Hvað kom fyrir Ylfu í þessum hluta myndarinnar? Hvernig mynduð þið bregðast við ef þetta kæmi fyrir ykkur eða vin ykkar/vinkonu? Rökstyðjið.*

**Varist:** Að umræðurnar þróist út í að Grími og Ylfu sé álasað fyrir brotin sem framin eru gegn þeim. Hótanir og leyfislaus dreifing nektarmynda (í þessu tilviki af barni undir lögaldri) eru hvort tveggja skýr lagabrot sem gerandinn einn ber ábyrgð á. Komi það ekki upp í umræðunum er mælt með því að þátttakendum sé bent á að þegar kynferðisbrot er framið þurfi að gera Barnahúsi / lögreglunni viðvart, svo hægt sé að hefja rannsókn á málinu og veita þólandanum viðeigandi aðstoð.

## ÞRIÐJI HLUTI

### Samantekt:

Grímur fær hótun frá aðilanum sem þóttist vera Anna Marín um að ef hann greiði ekki 100.000 kr. fari myndskeiðið af honum í dreifingu. Samhliða þessu þróast tilfinningar Ylfu yfir því að nektarmynd af henni hafi verið sett á Swapsluts úr því að vera áfall yfir í að vera reiði. Hún grefur upp nektarmynd sem hún á af Andra og setur hana inn á Swapsluts ásamt fullu nafni Andra og þeim ummælum að hann sé fáviti sem dreifir nektarmyndum í leyfisleysi. Að því loknu grætur hún sig í svefn.

Næsti dagur rennur upp og Grímur stendur taugaveiklaður við bensínstöð, með peninga í poka. Hann fær skilaboð frá kúgaranum sínum sem skipar honum að setja pokann í ruslatunnu. Grímur hlýðir. Í ljós kemur að Aron er að taka upp myndskeið af Grími, flissandi bakvið vegg. Þegar Grími verður ljóst að Aron hefur verið að hrella sig verður hann brjálaður, ræðst á Aron og tuskar hann til.

Í sömu andrá vaknar Ylfa með andfælum. Hún rýkur að tölvunni og sér að ýmsir eru búnir að skrifa andstýggileg ummæli og hótanir við nektarmyndina sem hún setti inn af Andra. Dyrabjallan hringir og fyrir utan stendur Andri sjálfur, grunlaus. Hann segir Ylfu að hann hafi gleymt símanum sínum í sundi kvöldið áður en hafi verið að sækja hann rétt í þessu. Hann spyr hana hvað sé svona áriðandi og Ylfa svarar með því að spyrja hann á móti hvort 20.000 kr. hafi verið nóg fyrir hann til að svíkja loforð. Andri veit ekkert hvað hún er að tala um og segist hvorki hafa svikið nein loforð né lekið neinum nektarmyndum af henni. Hins vegar hafi hann farið með tölvuna sína í viðgerð til nemanda í skólanum sem hafi hafi gert við hana „svart“. Ylfa áttar sig á að hún gerði risavaxin mistök þegar hún hefndi sín á röngum aðila. Hún hrökklast inn og skellir hurðinni á nefið á Andra, sem botnar ekkert í neinu. Ylfa brotnar saman og grætur.

**Umræðuverkefni:** *Hvað finnst ykkur um það sem Ylfa gerði í þessum hluta myndarinnar? Réttlætir eitt brot að annað brot sé framið? Hvaða afleiðingar haldið þið að það hafi þegar þolendur eru nefndir með fullu nafni, eða eru sakaðir um glæp, líkt og Ylfa gerði við Andra á Swapsluts síðunni? Hvernig haldið þið að Ylfu hafi liðið þegar hún uppgötvaði að hún hefndi sín á röngum aðila?*

*Hvað finnst ykkur um það sem Aron gerði í þessum hluta myndarinnar? Ef tilgangurinn er að grínast í einhverjum, má þá ganga hversu langt sem er? Hvernig fannst ykkur viðbrögð Gríms og hvernig mynduð þið sjálf bregðast við ef einhver kæmi svona fram við ykkur?*

**Varist:** Að umræðan leiðist út í réttlætningar á ofbeldi. Vissulega er skiljanlegt að Ylfa hafi reiðst þegar hún taldi Andra hafa brotið gegn sér, en það gefur henni ekki rétt á að fremja samskonar brot

gegn Andra eða saka hann um glæpsamlegt athæfi. Þá ber einnig að varast að „húmor“ eða „grín“ sé notað til að réttlæta hegðun Arons í garð Gríms. Hótanir og tilraunir til fjárkúgunar eru hvort tveggja lögbrot, burtséð frá því í hvaða tilgangi það er gert.

## FJÓRÐI HLUTI

### Samantekt:

Andri mætir í skólann næsta dag. Allir skólafélagar hans hafa séð nektarmyndina af honum og lesið athugasemd Ylfu um að hann dreifi nektarmyndum af öðrum í leyfisleysi. Andri fær illar augngotur og svívirðingar á göngum skólans, auk þess sem hótanir og skammir streyma inn í símann hans í formi skilaboða. Í sömu andrá fær Ylfa sér sæti í mötuneytinu. Aron, sem er búinn að sjá nektarmyndina af Ylfu, ákveður að niðurlægja hana með því að líkja eftir stellingunni sem hún var í á myndinni og grípur utan um hana aftan frá. Grímur kemur Ylfu til varnar og rífur Aron af henni, öskrandi hvað sé eiginlega að honum. Ylfa sakar Aron um að hafa auglýst eftir nektarmyndum af henni á Swapsluts, en Aron lýsir sig saklausan af því. Í miðjum hamaganginum játar Dabbý að hafa sett inn auglýsinguna því hana langaði að lækka rostann í Ylfu, sem henni fannst hafa gefið í skyn að það væru bara „druslur sem tækju af sér nektarmyndir“. Dabbý bætir við að hún hafi þó aldrei átt von á því að auglýsingin myndi leiða til þess að nektarmynd af Ylfu færi í umferð, það var aldrei ætlun hennar. Skyndilega brjótast út slagsmál í nærliggjandi rými og allir þeysast þangað. Þar situr Andri klofvega ofan á strák sem hefur ekki sést í myndinni áður (Ívar, 20 ára). Andri segir Ylfu að Ívar sé sá sem hafi stolið myndunum af henni úr tölvunni hans og sett á netið í von um að græða á þeim. Dabbý dregur Ylfu afsíðis og biður hana afsökunar á að hafa falsað auglýsinguna sem dró þennan dilk á eftir sér. Hún býður Ylfu aðstoð ef hún vill leggja fram kæru, því sjálf hafi hún reynt af því.

Ylfa og Dabbý virða fyrir sér lögreglustöðina á Hverfisgötu og draga djúpt andann áður en þær halda inn. Þar segir Ylfa við móttökustarfsmanninn að hún vilji leggja fram játningu. Dabbýju bregður og dregur Ylfu til hliðar í því skyni að minna hana á að Ylfa hafi sjálf verið beitt stafrænu kynferðisofbeldi. Ylfa segir að það sé rétt en hún hafi í kjölfarið gert slíkt hið sama við Andra og að ofbeldi sé alltaf jafn rangt, sama hver verður fyrir því.

Ívar sést sitja við tölvuviðgerðir heima hjá sér, með nektarmyndina af Ylfu á tölvuskjá. Dyrabjallan hringir og fyrir utan stendur lögreglumaður sem biður hann um að koma með sér. Málið varði óleyfilega dreifingu á nektarmyndum.

Samhliða þessu er bankað á útidyrnar hjá Grími. Fyrir utan er

Ylfa, sem biður hann um að gera sér greiða. Því næst má sjá snap rás Gríms, þar sem hann og Ylfa ræða við tugþúsundir fylgjenda Gríms um stafrænt kynferðisofbeldi. Ylfa segir frá sinni reynslu, bæði sem þolandi og gerandi í stafrænu kynferðisofbeldi og játar jafnframt að hafa sakað Andra að ósekju um að hafa dreift nektarmyndum. Grímur segir einnig frá sinni reynslu. Í sameiningu stinga Ylfa og Grímur upp á því að allir standi saman um að eyðileggja Swapsluts síðuna, með því að „drekka henni í allskyns myndum“ sem hvorki meiða aðra né niðurlægja. Ef allir ákveða að standa saman gegn stafrænu kynferðisofbeldi er hægt að útrýma því.

### **Umræðuverkefni:**

*Hvernig haldið þið að Andra hafi liðið eftir að nektarmyndin af honum fór á netið og allir trúðu því að hann beitti aðra stafrænu kynferðisofbeldi? Hvert hefði hann getað snúið sér?*

*Hvað fannst ykkur um framkomu Arons í garð Ylfu eftir að hann sá nektarmyndina af henni?*

*Hvaða ábyrgð finnst ykkur Dabbý bera á málinu?*

*Finnst ykkur einhver munur vera á broti Ívars í garð Ylfu, eða broti Ylfu í garð Andra? Skiptir einhverju máli hvaða ástæður liggja að baki stafrænu kynferðisofbeldi, þ.e. hvort nektarmyndum sé til dæmis dreift í hefndarskyni eða gróðaskyni?*

*Hvernig finnst ykkur hugmyndin um að eyðileggja Swapsluts með samstilltu átaki? Haldið þið að þessi hugmynd gæti virkað á aðrar síður sem til eru í raunveruleikanum?*

*Kom ákvörðun Ylfu um að játa brot sitt ykkur á óvart? Ef já, af hverju?*

*Hvað fannst ykkur um þessa mynd? Hver var boðskapur hennar? Kom eitthvað ykkur á óvart? Eruð þið sammála eða ósammála einhverju sem kemur fram í myndinni? Rökstyðjið.*

**Varist:** Að umræðurnar leiðist út í að afsaka gerendur. Stafrænt kynferðisofbeldi, eða hótanir þar um, hafa alveg jafn slæmar afleiðingar á brotaþola hvort sem ásetningur gerandans var hefnd, gróði eða illkvittnislegt „grín“.

## Viðauki

### Um framleiðendurna

**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir** (f. 1980) er með meistaraþráðu í ritstjórn og útgáfu frá Háskóla Íslands. Hún er höfundur bókanna *Á mannamáli* (2009) og *Handan fyrirgefningar* (2017) sem fjalla báðar um kynferðislegt ofbeldi. Hún gegndi stjórnarformennsku í Kvennaathvarfinu um árabil og hefur löngum látið kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sig varða. Þá hefur hún unnið með unglingum í Jafningjafræðslunni, félagsmiðstöðvum ÍTR, í Vinnuskóla Reykjavíkur og víðar á undanförunum fimmtán árum og sinnt margvíslegu forvarnarstarfi. Árið 2015 fór Þórdís Elva í fyrirlestrarferð um stafrænt kynferðisofbeldi fyrir hátt í 16.000 íslensk börn um land allt og byggir handrit *Myndarinnar af mér* alfarið á þeim frásögnum sem börn og unglingar treystu henni fyrir. Þórdís Elva hefur tekið þátt í málþingum, ráðstefnum og fjölmiðlaumfjöllun um málefnið. *Myndin af mér* er þriðja stuttmyndin sem hún skrifar handritið að, á eftir *Fáðu já!* (2013) og *Stattu með þér!* (2014).

**Brynhildur Björnsdóttir** er fædd 1970. Hún er með BA próf í Almennri bókmenntafræði frá HI og leiklist frá Drama Studio London. Hún er ennfremur með burtfararpróf frá Söngskólanum í Reykjavík og stundar meistaranám í Menningarfræði við HÍ.

Brynhildur hefur unnið sem blaðamaður á Fréttablaðinu með hléum frá árinu 2004, og vann að gerð barnaefnis á RÚV á árunum 2007-2015, meðal annars við stjórn, gerð og framleiðslu útvarpsþáttanna Leynifélagið og sjónvarpsþáttanna Vasaljós sem voru báðir ætlaðir börnum á aldrinum 6-11 ára. Hún var hluti af hugmynda- og framkvæmdateymi fræðsluáttaksins „Fáðu já“ ásamt Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur og Páli Óskari Hjálmtýssyni sem hlaut fræðsluviðurkenningu Stígamóta árið 2013.

Brynhildur og Þórdís héldu svo áfram að fræða börn með með stuttmyndinni „Stattu með þér“ sem var gerð eftir handriti Þórdísar og Brynhildur leikstýrði í forvarnar – og sjálfstyrkingarskyni fyrir aldurshópinn 10-12 ára en hún var tilnefnd til Edduverðlaunanna 2014 sem besta barna – og unglingaefnið.

Þá er hún einn af stofnendum feminíska vefritsins [knuz.is](http://knuz.is).

Brynhildur er ástríðufull áhugakona um samfélagsmál og málefni barna og unglinga og er sannfærð um að með því að fræða þennan hóp og gefa honum heilbrigðan valkost við áreiti frá umhverfinu sé hægt að spyrna fæti við óæskilegum áhrifum og gera heiminn betri.

**Þarftu að ná í aðstandendur Myndarinnar af mér?**

Tengiliður er Brynhildur Björnsdóttir og hana má ná í á netfanginu [brynbj@gmail.com](mailto:brynbj@gmail.com) og í síma 898-3498.